

Til: Fjárveitinganefndar Alþingis

Frá: Fjarskiptafélagi Örfæinga

Hofi I, Austurhúsi

785, Hornafjörður

Hofi, 14. júní 2009

Ágæta Fjárlaganefnd,

Fyrir hönd Fjarskiptafélags Örfæinga, kt. 611108-1410, sækir undirritaður um fjárveitingu að fjárhæð krónur 13.250.000.- til Fjárveitingarnefndar Alþingis. Ráðstafa á fénu til kaupa á endabúnaði ljósleiðaraheimtauga í hús í Örfæum ásamt húsum á Reynivöllum og Hala í Suðursveit.

Skv. meðfylgjandi kostnaðaráætlun Fjarska vegna verkefnisins kemur fram að kostnaður vegna endabúnaðar heimtauga nemi um 13.250.000.- kr.

Árið 2006 var lagður þriggja fasa rafstrengur í jörð frá Reynivöllum í Suðursveit í austri til Skaftafells í Örfæum í vestri. Með umræddum rafstreng var einnig lagður 24 þráða ljósleiðara. Ljósleiðarinn hefur legið ónotaður í jörðu frá þeim tíma.

Í júní 2008 var stofnað áhugamannafélagið Fjarskiptafélag Örfæinga í þeim tilgangi að ná samningi við eiganda ljósleiðarans um aðgang að 2 af 24 þráðum hans til að tengja hús í Örfæum við ljósleiðara. Þeir samningar eru nú á lokastigi og reiknað er með að gengið verði frá þeim nú í júnímánuði. Allir íbúar Örfæa eru félagsmenn í Fjarskiptafélaginu og auk þess á sveitarfélagið Hornfjörður aðild að félaginu og mun það koma að verkefninu með fjárframlögum.

Það er ljósara en frá þurfi að segja að verði þessar áætlanir að veruleika tryggir það öllum íbúum á svæðinu samskonar aðkomu að hinu stafræna umhverfi eins og íbúum á þéttbýlissvæðum. Hér er því um mikið byggðamál að ræða og verulegt hagsmunamál fyrir íbúa og fyrirtæki á þessu svæði en svo sem kunnugt er Örfæasveitin einn af fjölsóttustu ferðamannstöðum landsins.

Með þessum framkvæmdum verður „Sveitin milli sanda“ í þjóðbraut á sviði fjarskipta.

Fjarskiptafélag Örfæinga hefur gengið til samstarfs við fjarskiptafélagið Fjarska ehf. (www.fjarski.is) um hönnun og rekstur ljósleiðaranets fyrir heimili og fyrirtæki í Örfæum. Hugmyndafræðin að baki aðkomu Fjarska er sú að fyrirtækið reki grunnnetið en notendur geti síðan keypt internetsamband, símasamband og/eða sjónvarpsefni hjá hvaða fyrirtæki sem er. Þetta fyrirkomulag tryggir samkeppni í smásölu á þjónustu í gegnum ljósleiðarann.

Ef óskað er eftir upplýsingum vegna verkefnisins má hafa samband við Knút Bruun í síma 893-4959 eða Ingólf Bruun í síma 695-3413 ef spurningar tæknilegs eðlis vakna.

Virðingarfyllst,

f.h. Fjarskiptafélags Öræfinga

Knútur Bruun, form. stjórnar

Hofi 1, Austurhúsi

785, Hornafjörður

Meðfylgjandi gögn:

1. Kort af leið ljósleiðarans
2. Kostnaðaráætlun Fjarska ehf. vegna lagningar og tenginga heimtauga við ljósleiðarann
3. Stofnsamþykktir Fjarskiptafélags Öræfinga
4. Listi yfir félaga Fjarskiptafélags Öræfinga